

Að þekkja uppruna sinn

Leiðbeiningar um leit í Íslendingabók

Íslendingabók;

<https://www.islendingabok.is/>

- Landmælingar Íslands: <https://lmi.is/>
Kortasjá; <https://kortasja.lmi.is/mapview/?application=kortasja>
Örnefnasjá; <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=ORN>
- Manntöl; <https://skjalasafn.is/>
- Sóknarmannatöl; <https://skjalasafn.is/>
- Prestþjónustubækur; <https://skjalasafn.is/>

Bendill  á myndum vísar til aðgerða eða gagna sem þarf að vinna með.

Í Íslendingabók (<https://islendingabok.is>) er að finna upplýsingar um nálega alla Íslendinga sem heimildir eru til um. Leitandi getur skoðað upplýsingar um ættingja sína fyrir og nú, ásamt áhugaverðri tölfræði um ættina. Hann getur fundið út hvort um skyldleika við aðra er að ræða. Íslendingabók upplýsir um fæðingardag og dánardægur sem og um búsetu á tilgreindum eða ótilgreindum tíma. Benda má á vef Landmælinga Íslands (<https://lmi.is>) ef leitandi er í vafa um hvar á landinu viðkomandi staður er.

Sláðu inn slóðina <http://islendingabok.is> í strenginn efst og **smelltu með vinstri takka**.



Þessi síða birtist. Ef þú hefur nú þegar aðgangsorð **smellir þú á hnappinn Innskráning**.
Ef þú átt ekki aðgangsorð, þarftu að sækja um það, að því gefnu að þú hafir íslenska kennitölu.

→ ↻ 🏠 islandingabok.is

ÍSLENDINGABÓK

Við erum öll skyld

Í Íslendingabók má finna upplýsingar um nær alla Íslendinga sem heimildir eru til um. Viltu skoða ættingja þína fyrr og nú ásamt áhugaverðri tölfræði um ættina eða rekja þig saman við aðra?

Þú getur fengið aðgang að Íslendingabók þér að kostnaðarlausu. Allir þeir sem hafa íslenska kennitölu geta tekið þátt.

Innskráning



Á sömu síðu, **neðst**, eru gefnir upp tveir möguleikar til þess að fá aðgang að Íslendingabók:

- skráning með rafrænum skilríkjum
- fá notendanafn og lykilorð.

Hvernig fæ ég aðgang?

1

Hægt er að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum í stað notandanafns og lykilorðs.

[Nota rafræn skilríki](#)



2

Hægt er að fá notendanafn og lykilorð sent í heimabanka eða með pósti á lögheimili.

[Sækja um aðgang](#)



Skrifaðu notandanafn og lykilorð í viðeigandi línur og **smelltu á rauða hnappinn innskrá.**

Innskráning

Þú getur skráð þig inn á Íslendingabók eftir tveimur leiðum, með rafrænum skilríkjum eða notandanafni og lykilorði.

Auðkenning

Rafræn skilríki

Notandanafn

Lykilorð

Ég hef gleymt lykilorðinu mínu

Innskrá



Nafnið þitt sést efst í hægra horni síðunnar. Í **leitarstreng** setur þú nafnið þitt eða nafn skyldmennis og **smellir á rauða hnappinn**. **Smelltu á rauðu happanna** þrjá sem eru neðst á síðunni til að sjá hvað kemur í ljós.

Rósa Guðrún Eggertsdóttir



ÍSLENDINGABÓK

Leitaðu eftir nafni, fæðingardegi eða kennitölu

Leita



Hefur þú þrjá að setja texta eins og sjómaður aftan við fullt nafn?



Mínar upplýsingar



Framættin mín



Tölfræði um ættina mína



Ég vil forvitnast um frænku mína Herdís Eggertsdóttur og **slæ nafnið hennar á leitarstrenginn** og **smelli á hnappinn leita**.

Það er frekar ólíklegt að þú sért skyld/skyldur Herdís. Þess vegna skrifar þú nafn ættingja þíns sem þú vilt afla upplýsinga um og **smellir á rauða hnappinn „Leita“**. Í römmum hér á eftir er Herdís í brennidepli en þú lítur á þetta sem sýnidæmi en notar nafn ættingja þíns í staðinn fyrir Herdís.

ÍSLENDINGABÓK

🔍 Herdís Eggertsdóttir

Leita

💡 Hefur þú prófað að setja texta eins og sjómaður aftan við fullt nafn?

Nú koma upp nöfnur Herdísar Eggertsdóttur. Ég veit að hún fór til Vesturheims 1909. **Ég smelli á nafnið hennar**. Þú **smellir á nafn ættingja þíns**.

ÍSLENDINGABÓK

🔍 Herdís Eggertsdóttir

Leita

RÓSA

10 konur fundust við leit að 'Herdís Eggertsdóttir'

Nátengdir þér

Nafn ↓ ⚙️ Fæðingardagur ↓

- | | | | |
|------------------------|-------------------------------|---|---|
| ● Herdís Eggertsdóttir | 4. sept. 1875 - 19. júní 1876 | |   |
| ● Herdís Eggertsdóttir | 20. okt. 1885 - 14. nóv. 1968 |  <i>Fór til Vesturheims 1901 frá Hríttatungu</i> |   |

Aðrir


Nafn ↓ ⚙️ Fæðingardagur ↓

- | | | | |
|-------------------------------|--------------------------------|---|---|
| ● Herdís Eggertsdóttir | 7. ágúst 1793 - 13. des. 1870 |  <i>Var á Arnarnúpi, Hraunssókn, Ís. 1801.</i> |  |
| ● Herdís Eggertsdóttir | 1807 - 18. júní 1869 |  <i>Var á Stóra-Fjarðarhorni, Tröllat./Fellis.</i> |  |
| ● Herdís Eggertsdóttir | 5. sept. 1932 - 23. sept. 2001 |  <i>Húsfreyja í Vestmannaeyjum og Garðabí.</i> |  |
| ● Herdís Ágústa Eggertsdóttir | 17. ágúst 1937 | |  |

Hér sést fæðingardagur, dánardagur, fæðingarstaður, búseta, gifting, maki, systkini og börn. Þar sem Herdís fór til Vesturheims er ekki getið um afkomendur hennar í Íslendingabók. Ég sé einnig að hún er alnafna látinnar systur sinnar.

Í gegnum þessa síðu get ég opnað skrár um systkini Herdísar og foreldra hennar, þar sem þau eru öll skylld mér. Eiginmaður hennar hét Gestur Sigurgeirsson og er hans getið neðst til vinstri. Þar sem hann er mér óskyldur get ég ekki orðið neins vísari um hann.

Næst ætla ég að sjá hvernig við erum skyldar. Ég **smelli á hnappinn Rekja saman**.




Herdís Eggertsdóttir

Fædd 20. okt. 1885 á Þóroddsstöðum við Hrótafjörð, V-Hún.
Látin 14. nóv. 1968 í Blaine, Whatcom, Washington, Bandaríkjunum


Fór til Vesturheims 1901 frá Hrótatungu, Staðarhreppi, Hún.

Fjöldi afkomenda: 9 (1 á lífi, 8 látnir)
Heimildir: Vesturfaraskrá, Kb.Staður/Hrótaf.V-Hún., [Sjá meira](#)


Framætt Rekja saman

Fjölskylda Myndir (0) Æviágrip (0)  Ábendingar um Herdís



Faðir

-  **Eggert Jónsson**
21. sept. 1845 - 8. mars 1925







Móðir

-  **Guðbjörg Guðmundsdóttir**
14. des. 1842 - 8. des. 1886


Eiginmaður 2. okt. 1907

-  **Gestur Sigurgeirsson**
29. ágúst 1873 - 9. jan. 1951 

Alsystkin (6)

-  **Jón Sigurður Eggertsson**
23. júní 1870 - 17. júní 1877
-  **Guðmundur Eggertsson**
1873 - 7. okt. 1889
-  **Herdís Eggertsdóttir**
4. sept. 1875 - 19. júní 1876
-  **Ólöf Eggertsdóttir**
7. maí 1877 - 11. maí 1877
-  **Sigurjón Eggertsson**
17. apríl 1879 - 29. júní 1963
-  **Þorbjörn Eggertsson**
28. des. 1880 - 9. júní 1962

Það kemur í ljós að Herdís er systir afa míns. Við erum skyldar í fyrsta og þriðja lið.



Hér eru upplýsingar um Herdís, þær sömu og eru í næstu mynd hér fyrir ofan, en læsilegri hér. Þessar upplýsingar nota ég þegar ég leita að henni í manntölum og kirkjubókum. Ég byrja þó á að finna hvar bæirnir Þóroddsstaðir og Hrútatunga eru og finn þá á vef Landmælinga Íslands (lmi.is). Þar næst mun ég skoða manntöl á vef Þjóðskjalasafns Íslands (skjalasafn.is), skoða á sama vef sóknarmannatöl og fletta í lokin upp á hennar nafni í prestþjónustubók.

Ég reikna með að verða margsvísari og lýk þessari leit með því að taka saman þann fróðleik sem ég aflaði mér.



Herdís Eggertsdóttir

Fædd 20. okt. 1885 á Þóroddsstöðum við Hrútafjörð, V-Hún.
Látin 14. nóv. 1968 í Blaine, Whatcom, Washington, Bandaríkjunum

Fór til Vesturheims 1901 frá Hrútatungu, Staðarhreppi, Hún.

Fjöldi afkomenda: 9 (1 á lífi, 8 látnir)
Heimildir: Vesturfaraskrá, Kb.Staður/Hrútaf.V-Hún. V Sjá meira

Framætt

Rekja saman